

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hvolsvelli árið 2007.

1. gr.

Af hundum á Hvolsvelli skal sveitarstjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Hvolsvallarkauptúni nr. 261/1985.

2. gr.

Skráningargjald er kr. 6.000.
Bráðabirgðaskráning kr. 1.100.

3. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir hvern hund er kr. 6.000.
Ekki er innheimt leyfisgjald það ár sem hundurinn er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, eftirlit, umsjón og skráningu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald kr. 5.000. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Rangárbings eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Hvolsvallarkauptúni, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

F.h. sveitarstjórnar Rangárbings eystra, 14. desember 2006,

Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri.